

Getið þið búist við því, að sú kona verði nokkurn tíma nokkur námskona?

Eg þekkti greindan dreng, sem hætti skólanámi sínu um miðjan skólatímamann síðastliðinn vetur. Og þegar eg spurði hann, því hann hefði gert það, þá svaraði hann mér: „O, lexíurnar voru farnar að verða of erviðar. Og eg sá ekki neitt gagn í því að vera að leggja alt það erviði á mig fyrir ekki neitt.“

Eigið þið von á, að þessi drengur verði nokkurn tíma mikill lögmaður eða læknir eða kennari eða prestur eða verkfræðingur eða mikill í nokkru, sem gott er?

Eg heyrði líka annan dreng segja, sem hafði verið fenginn til þess að sópa skólann: „Ekkí dettur mér í hug að fara að sópa óþverrann af pallinum fyrir framan skólann. Mér er ekki borgað fyrir að sópa annað en skóla-herbergið.“

Ímyndið þið ykkur, að hann komist nokkurn tíma í mikilvæga stöðu í lífinu?

Auðvitað ekki! Þið eigið ekki von á neinu slíku. Og þið búist alls ekki við því, að nokkurra þessara, seín minst var á, verði nokkurn tíma getið að nokkru, sem nokkuð er varið í. Lofið mér þá að segja við ykkur dálítið, drengir mínir og stúlkur, sem þið að vísu hafið heyrt oft áður, en hafið gott af að oft sé brýnt fyrir ykkur.

Það er þá þetta:

Það verður aldrei neitt úr þeim, sem ekki vill láta kenna sér og ekki vill láta finna að við sig, og ekki vill þurfa að leggja neitt á sig og ekki vill vera vandlátur við sjálfan sig. Kennari, sem vandlátastur er við ykkur, er bestí vinur ykkar. Látið ykkur þykja vænt um þann, sem lætur ykkur hafa upp aftur og aftur það sama, þangað til þið kunið það rétt og gerið það rétt. Og verið honum þakklát fyrir það.

Má vera, að þið hafið heyrt og munið söguna, sem nú kemur.

### *SAGAN UM AGASSIZ\*) OG FISKINN.*

Þegar Agassiz var drengur, fékk kennarinn hans honum einu sinni fisk og sagði honum að rannsaka hann. Eftir einn

\*) Louis Agassiz, sveissneskur náttúrufræðingur mjög merkr. Kom til Bandaríkjanna 1846, þá tæplega 40 ára, en þegar orðinn frægur maður. Var upp frá því háskólakennari við tvo merkustu háskóla Bandaríkjanna, Harvard og Cornell. Hann dó 1873.